

Nd.

585. Frumvarp

til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

48. gr. laganna orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 3 kr. fyrir hvern fullan tug hrepp-
núa, þó ekki minna en 60 kr. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

2. gr.

76. gr. laganna orðist þannig:

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði 6 kr. hvern dag, frá því er hann fer að heiman á sýslufund til þess er hann kemur heim aftur.

3. gr.

Laun hreppsnefndaroddvita um fardagaárið 1917—18 skulu reiknuð að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 1. gr.